Hópmynd tekin við fornan steinkross þar sem talið er að Gulaþing hið eldra hafi verið.

Um Sogn- og Fjarðafylki í Vestur-Noregi

Ferð Skógræktarfélags Íslands 30. ágúst til 5. september 2014

Í kjölfar heimsóknar Skógræktarfélagsins í Sogn- og Fjarðafylki til Íslands sumarið 2012 bárust þakkir fyrir móttökurnar og formlegt heimboð. Var það boð þegið með þökkum og undirbúningur hófst með góðum fyrirvara. Í forsvari fyrir móttökunefndinni voru Hans Fredrik Lauvstad, stjórnarformaður Skógræktarfélagsins í Sogn- og Fjarðafylki, sem lengi var æðsti maður skógstjórnarinnar í fylkinu, Svein Saure, forstöðumaður gróðrarstöðvar skógræktarfélagsins að Brandsöy á Florø og Ingvar Åberge, náttúrufræðingur og sérlegur áhugamaður um tengsl Noregs og Íslands. Eins og fram kemur í greininni höfðu nefndarmenn ekki legið á liði sínu því móttökur voru óvenju veglegar og vel undirbúnar og mættum við hvarvetna fádæma gestrisni á ferð okkar um hið undurfagra grannland sem við eigum svo margt sameiginlegt með en er þó um margt framandi, ekki síst í jarðfræðilegu og gróðurfarssögulegu tilliti.

Frá Íslandi fór 31 manns hópur að meðtöldum fararstjórunum en auk greinarhöfundar var Kristján Baldursson frá ferðaskrifstofunni Trex í fararstjórn. Aðalleiðsögumaður okkar var Hans Fredrik Lauvstad, sem fyrr er getið, en í ferðinni hittum við fjölmarga heimamenn sem miðluðu af þekkingu sinni og rausnarskap. Auk Hans Fredrik voru þeir Svein og Ingvar leiðsögumenn á völdum köflum og Anne Lise Lauvstad, eiginkona Hans Fredrik, fylgdi á eigin bíl ásamt greifingjahundinum Pivo og gættu þau þess að við fengjum ávallt nóg að borða og drekka og villtumst ekki af leið. Þar sem flogið var til Björgvin, sem er í

næsta fylki fyrir sunnan Sogn- og Fjarðafylki, hófst ferðin á stuttri heimsókn um þann forna höfuðstað.

Stutt yfirlit um land og skóg

Jarðsaga Noregs er ákaflega merkileg og spannar alla jarðsöguna. Noregur hefur því að geyma flestar þær bergtegundir sem finna má í heiminum nema þær sem finnast á virkum eldfjallasvæðum en síðast var eldvirkni á Óslóarsvæðinu á Perm-tímabilinu (fyrir 280-225 milljón árum). Tvisvar í jarðsögunni hafa Noregur og Grænland náð saman og hinir miklu fjallgarðar Noregs eru hluti af kaledónískum fellingafjöllum sem ná frá Skotlandi (gamla nafnið á Skotlandi var Kaledónía) og norður til Svalbarða. Grjótharðar umbreyttar bergtegundir eins og granít og gneis eru nokkuð algengar en fágætari umbreytt bergtegund er fylkisbergtegundin eklógít (*eklogitt*). Hún er frekar fágæt en hana má finna á nokkrum stöðum, aðallega í Nordfjord innanverðum. Storkubergið amfíbólít kemur fyrir eins og djúpbergtegundin anorþósít (*anortositt*). Harðpressuð setlög eins og völuberg (*konglomerat*) og flöguberg (*skiffer*) eru einnig nokkuð algeng. Harka og efnainnihald bergtegunda hafa eins og gefur að skilja mikil áhrif á jarðvegsmyndun og eðli jarðvegs og þar af leiðandi á skóginn og þær tegundir sem þar vaxa. Bestur er jarðvegurinn þó jafnan þar sem ísinn skildi eftir jökulruðninga eða þar sem land hefur risið úr sæ. Landslag í Sogni og Fjörðum er stórbrotið með sínum vogskornu fjörðum allra lengda en Sognarfjörðurinn er dýpsti (lengsti, um 207 km) fjörður í heimi ef frá er talið Scoresbysund sem oftast er þakið ís. Há og hvöss fjöllin rísa úr sæ en undirlendi og aðdragandi upprisu þverhníptra fjallanna er víðast hvar afar takmarkað. Út með ströndinni er úrkomubelti sem bætir upp takmörkuð jarðvegsgæði fyrir skóginn en lengra inn til landsins ber skógurinn meiri svip af meginlandsskógi og ríki skógarfurunnar styrkist.

Sogn og Fjarðafylki er um 18.623 km^2 og íbúafjöldinn um 110 þúsund og telst stöðugur.

Í Noregi er nýtanlegur skógur (*produktiv skogareal*) skilgreindur þannig að krónuþekja sé að lágmarki 10% af yfirborði lands og að framleiðslugeta bolviðs sé yfir 1 m^3 á hektara/ári. Slíkur skógur þekur um 2.550 km^2 af Sogn og Fjarðarfylki eða um 14% af heildarflatarmáli. Þar af er laufskógur ríkjandi á 54%, fura á 32% og greni á 14% af flatarmáli nýtanlegra skóga. Náttúrulega hefur greni þó aðeins náð takmarkaðri útbreiðslu innst í Sogni en mest af greninu hefur verið gróðursett. Ilmbirki er aðaltegund laufskóganna en gráelri er einnig talsvert algengt, sem og rauðölur og heggur. Á góðum vaxtarstöðum inn til landsins má finna eðallaufskóga með aski, álmi, rauðelri og hengibjörk.

Standandi bolviðarmagn í laufskógunum er 11 milljónir m^3 en 10 milljónir m^3 af greni og 9 milljónir m^3 af furu. Árlegur heildarviðarvöxtur er 0,8 milljónir m^3 en sjálfbær viðartekja talin vera við ríflega 0,7 milljónir m^3. Árlega eru höggnir um 350 þúsund m^3, langmest greni en um 20 þúsund m^3 af furu. Grenskógræktin hefur því skilað mikilli framleiðniaukningu í skógunum á mælikvarða viðarvaxtar og efnislegrar verðmætasköpunar.

Ferðasaga

Laugardagur 30.08

Eftir tíðindalausa liðlega tveggja tíma flugferð tók Björgvin vel á móti okkur. Eftir viðkomu á Thon Hotel Bryggen sem er við Hákonarhöllina og gömlu bryggjuna (Bryggen) var dagurinn frjáls, hvort sem var til að anda að sér borgarblænum, skoða tré og byggingar eða kíkja í búðir og veitingahús. Sumir tóku toglestina upp til Fløyen en þaðan er einstakt útsýni yfir borgina og borgarskógurinn býður upp á góðar gönguleiðir, áningarstaði, fjölbreytileika í trjátegundavali og gömul og tignarleg tré. Skógurinn flokkast sem „Bergen Naturpark" og þar er Skógræktarfélagið í Bergen (Bergens skog- og træplantningsselskap) í forsvari.

Sunnudagur 31.08

Á sunnudagsmorgninum tók á móti okkur Bernt - Håvard Öyen, afkastamikill skógvísindamaður og nú forstjóri Bryggen og vararæðismaður Íslands, auk þess að vera stjórnarmaður í Skógræktarfélagi Hörðalands. Leiddi hann hópinn um gömlu bryggjuna sem er líkt og Þingvellir á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna sem menningarminjar. Sögu bryggjunnar má rekja um 1000 ár aftur í tímann en í valdatíð Ólafs kyrra um 1070 fær Björgvin hlutverk höfuðstaðar á vesturströnd Noregs og staðurinn verður biskupssetur. Síðar flyst konungsvaldið frá Niðarósi til Björgvinjar sem verður þar með höfuðstaður Noregs og um tíma Íslands. Á valdatíma Hákonar V Magnússonar Háleggs (1299-1319) flyst konungsvaldið frá Björgvin til Ósló. En mikilvægi Björgvinjar sem miðstöðvar verslunar og viðskipta og samskipta yfir hafið hafði vaxið. Bærinn var um tíma fjölmennasta borg Norður-Evrópu. Fiskur frá vesturströndinni og Norður-Noregi var fluttur út í gegnum Björgvin en



Bernt leiddi okkur um Bryggen og hér sýnir hann hvernig viðgerð húsa gengur fyrir sig. Til að mæta ágangi og hækkun sjávar eru húsin tjökkuð upp um 80 cm. Grunnur húsanna eru tólf lög af krosslögðum bjálkum. Á myndinni frá vinstri eru; Magnús Gunnarsson, Bernt - Håvard Öyen og Sævar Hafsteinn Jóhannsson.

nýlenduvörur inn. Hansakaupmenn gerðu bæinn að einum helsta verslunarstað sínum ásamt Novgorod, Brügge og London. Þeir þrengdu mjög að verslun heimamanna og voru nær einráðir í utanríkisverslununinni um tíma, nema í siglingum til Íslands, sem áfram var á vegum heimamanna. Bryggjan var lengi helsta festi Hansakaupmanna og sú húsaröð sem nú myndar þessa merku arfleifð má einmitt rekja til tíma Hansakaupmanna og sameiningu norskrar og evrópskrar byggingarlistar. Furutimbrið var sótt í skógana í Harðangursfirði og nágrenni. Bryggjuhúsin eru húsaröð þriggja hæða plankahúsa (*gårder*) sem byggð voru þvert á bryggjuna; neðstu tvær hæðirnar þjónuðu sem vöruhús og verslanir en efsta hæðin sem skrifstofu- og íbúðarhúsnæði. Traðir eru milli húsanna sem ásamt lyftibómum auðveldaði meðferð varnings. Stórir brunar hafa haft sín áhrif á ásýnd og endurnýjun húsanna; stór bruni varð 1702 en síðasti stórbruni var 1955. Í dag er margvísleg starfsemi á Bryggen; verslanir, veitingahús, gallerí og þjónustustarfsemi ýmiskonar og sér eignarhaldsfélag eigenda húsanna, Stiftelsen Bryggen, um rekstur og útleigu. Um 2,5 milljónir ferðamanna koma fyrir framan Bryggen árlega en 1,6 milljón manns ganga inn um traðirnar. Þetta kallar að sjálfsögðu á aðstöðu, viðhald og kostnað en ekki er selt inn á svæðið þótt aðstaðan sé fyrir hendi.

Skoðunarferð um Bryggen lauk með hádegisverði í boði Skógræktarfélags Hörðalands á þriðju hæð í einu bakhúsanna þar.

Frá Bergen var ekið norður til hins forna konungaseturs Sæheims (no. Seim) sem getið er í Íslendingasögunum og Konungasögum Norðurlanda. Í Lindås er nyrsti beykiskógur Noregs, sem gróðursett eða sáð hefur verið til einhvern tímann á tímabilinu 500 -1000 e. Kr. Ekki er vitað með vissu hver stóð fyrir

Konungsgröfin í Sæheimi sem talin er vera gröf Hákonar hins góða Aðalsteinsfóstra (d. 961 e. Kr.).



Heimildir um forna höfðingja í Noregi eru m. a. sóttar í verk þeirra frænda Snorra Sturlusonar og Sturlu Þórðarsonar.

flutningi beykisins til Sæheims en með DNA-samanburði hefur hann verið rakinn til Danmerkur. Tilgangurinn hefur væntanlega verið að nýta skóginn sem beitarland fyrir svín og útvega verðmætan smíðavið á konungssetrinu. Nú þekur beykiskógur um 20 hektara og hefur hann skyggt út aðrar trjátegundir og ofurhægt lagt undir sig stærra svæði. Um sjö hektarar af skóginum eru nú náttúruverndarsvæði og heitir sá hluti Vollom, sem trúlega hefur sömu merkingu og Völlur. Hæstu trén eru um 25-30 m og gæðin þokkaleg, þótt þau keppi ekki við beykivið vaxinn í mið-Evrópu.

Rétt sunnan við beykiskóginn er konungsgröf frá heiðnum sið og lauk heimsókn okkar í Hörðalandi þar. Talið er að þar sé grafinn Hákon hinn góði Aðalsteinsfóstri, yngsti sonur Haraldar hárfagra. Hann ólst upp hjá Aðalsteini hinum sigursæla Englandskonungi, þess er hafði sigur í orrustunni miklu við Ólaf Skotakonung, en í liði Aðalsteins voru ekki minni kappar en þeir bræður Egill og Þórólfur Skallagrímssynir. Þórólfur féll í orrustunni en framganga Egils réð samkvæmt Egilssögu baggamuninn. Varðveist hefur kvæði á fornensku um þessa frægu orrustu, *Orrustan um Brunanborg*.

Hákon sneri heim til Noregs og tók við konungdómi af eldri bróður sínum, Eiríki blóðöxi, sem var orðinn óvinsæll meðal þegna sinna. Hákon aftur á móti varð vel látinn heima fyrir en herjaði víða um lönd. Árið 961 sóttu að honum frændur hans Eiríkssynir með liðsstyrk frá Danakonungi í mikilli orrustu að Fitjum sunnan við Björgvin. Hákon sigraði í orrustunni en lést af sárum sínum á Hellnum en mælti fyrir að heygja ætti hann á Sæheimi. Þar sem hann átti engan erfingja mælti hann svo fyrir að krúnan gengi til frænda hans Eiríkssona.

Frá konungsgröfinni var stefnan tekin til Gulafjarðar en þar er talið að hið forna Gulaþing hafi verið en það mun hafa verið fyrirmynd Alþingis okkar Íslendinga. Í Heimskringlu Snorra Sturlusonar segir svo frá:

Þá er Hákon [hin góði] var konungur í Noregi var friður góður með búendum og kaupmönnum svo að engi grandaði öðrum né annars fé. Þá var ár mikið bæði á sjá og á landi. Hákon konungur var allra manna glaðastur og málsnjallastur og lítillátastur. Hann var maður stórvitur og lagði mikinn hug á lagasetning. Hann setti Gulaþingslög með ráði Þorleifs spaka og hann setti Frostaþingslög með ráði Sigurðar jarls og annarra þrænda þeirra er vitrastir voru. En Heiðsævis-

Espen Selvik, forstöðumaður Gulaþings, var líflegur og fróður leiðsögumaður okkar og lét sig ekki muna um að leika Egil Skallagrímsson og fórst það vel úr hendi. Espen er tónskáld og tónlistarstjóri og hefur samið fimm sinfóníur og tvær sónötur. Hann er einnig tónlistargagnrýnandi Bergens Tidende og heiðurskonsúll Litháen. Sævar Hafsteinn Jóhannsson og Árni Þórólfsson (t.v.) virða fyrir sér myndarlega evrópuþini (Abies alba).

lög hafði sett Hálfdan svarti [Goðröðsson f. um 820, d. 860, konungur Upplendinga frá 839 og faðir Haraldar Hárfagra] sem fyrr er ritað.

.....

Hálfdan konungur var viskumaður mikill og sanninda og jafnaðar og setti lög og gætti sjálfur og þrýsti öllum til að gæta og að eigi mætti ofsi steypa lögunum. Gerði hann sjálfur saktal og skipaði hann bótum hverjum eftir sínum burð og metnaði. Ragnhildur drottning ól son og var sá sveinn vatni ausinn og kallaður Haraldur. Hann var brátt mikill og hinn fríðasti. Óx hann þar upp og gerðist þegar íþróttamaður snemma og vel viti borinn. Móðir hans unni honum mikið en faðir hans minna.

Ekið var til Leirvåg þar sem tekin var ferja yfir til Sløvåg og ekið þaðan til Gulafjarðar. Í Eivindvik hittum við fyrir leiðsögumann okkar og aðalgestgjafa, Hans Fredrik Lauvstad og Anne Lise Lauvstad, eiginkonu hans. Eftir innritun á hótel var haldið í skoðunarferð á þingstaðina tvo, Gulaþing hið eldra og nýrra. Hið síðarnefnda var í tilefni árþúsundamóta útnefnt sem þúsaldarstaður og árið 2005 komið upp digru minnislistaverki þar og aðstöðu til mannfagnaða. Ekki dugði norskt granít, sem nóg er þó af, heldur voru steinblokkirnar sóttar til Kína.

Eftir þessa fróðlegu skoðunarferð um þingstaðina var haldið heim á Eivindvik Hotel þar sem beið okkar vegleg veisla.

Mánudagur 01.09

Dalsfjarðardagurinn rann upp bjartur og fagur og framundan ferð um Fjalir, heimasveit Ingólfs Arnarsonar og Leifs [Hjörleifs], frænda og fóstbróður Ingólfs. Ekið var frá Eivindvik og tekin ferja frá Rutledal til Rysjedalsvika og þaðan ekið til Hrífudals (Rivedal). Þaðan er talið að þeir fóstbræður Ingólfur og Leifur hafi ýtt úr vör ásamt fylgdarliði og haldið til Íslands eftir að vinátta þeirra við syni Atla jarls hinn mjógva af Gaulum endaði illa vegna ástar þeirra Leifs og Hólmsteins til Helgu, systur Ingólfs.

En um veturinn gerðu þeir fóstbræður veislu sonum jarlsins. Að þeirri veislu strengdi Hólmsteinn heit, að hann skyldi eiga Helgu Arnardóttur eða öngva konu ella. Um þessa heitstrenging fannst mönnum fátt, en Leifur roðnaði á að sjá, og varð fátt um með þeim Hólmsteini, er þeir skildu þar að boðinu.

Fór svo að Ingólfur og Leifur felldu Hólmstein og síðar Herstein Atlason. Þeir náðu þó sáttum við Atla jarl og eftirlifandi son hans, Hástein, með því að

gjalda þeim mest af eigum sínum. En móðir þeirra Atlasona var mjög ósátt við sáttfýsi Atla og Hásteins og sáu þeir Ingólfur og Leifur að hag sínum væri betur borgið í nýju landi. Þar missti Atli bandamenn góða og stutt var í endalok veldis hans.

Þá er Haraldur konungur gekk til ríkis í Noregi og hann mægðist við Hákon jarl Grjótgarðsson, fékk hann Sygnafylki Hákoni jarli mági sínum, er Haraldur konungur fór í Vík austur. En Atli jarl vildi eigi af láta ríkinu, áður hann fyndi Harald konung. Jarlarnir þreyttu þetta með kappi og drógust að her. Þeir fundust á Fjölum í Stafanessvagi og börðust; þar féll Hákon jarl, en Atli varð sár og fluttur í Atley; hann dó þar úr sárum.

Eftir það hélt Hásteinn (son hans) ríkinu, þar til er Haraldur konungur og Sigurður jarl drógu her að honum. Hásteinn stökk þá undan og brá til Íslandsferðar. Hann átti Þóru Ölvisdóttur; Ölvir og Atli voru synir þeirra.

Hásteinn skaut setstokkum fyrir borð í hafi að fornum sið; þeir komu á Stálfjöru fyrir Stokkseyri, en Hásteinn kom í Hásteinssund fyrir austan Stokkseyri og braut þar. Hásteinn nam land milli Rauðár og Ölfusár upp til Fyllarlækjar og Breiðamýri alla upp að Holtum og bjó á Stjörnusteinum og svo Ölvir son hans eftir hann; þar heita nú Ölvisstaðir. Ölvir hafði landnám allt fyrir utan Grímsá, Stokkseyri og Ásgautsstaði, en Atli átti allt milli Grímsár og Rauðár; hann bjó í Traðarholti. Ölvir andaðist barnlaus; Atli tók eftir hann lönd og lausafé; hans leysingi var Brattur í Brattsholti og Leiðólfur á Leiðólfsstöðum.

Atli var faðir Þórðar dofna, föður Þorgils örrabeinsstjúps. Hallsteinn hét maður, er fór úr Sogni til Íslands, mágur Hásteins; honum gaf hann ytra hlut Eyrarbakka; hann bjó á Framnesi. Hans son var Þorsteinn, faðir Arngríms, er veginn var að fauskagrefti, hans son Þorbjörn á Framnesi.

Ennfremur segir í Landnámu:

Björn buna hét hersir ágætur í Noregi, son Veðrar-Gríms hersis úr Sogni; móðir Gríms var Hervör, dóttir Þorgerðar Eylaugsdóttur hersis úr Sogni.

Frá Birni er nær allt stórmenni komið á Íslandi; hann átti Vélaugu. Þau áttu þrjá sonu; einn var Ketill flatnefur, annar Hrappur, þriðji Helgi; þeir voru ágætir menn, og er frá þeirra afkvæmi margt sagt í þessi bók.

Í ljósi þessa og þess að landnám Ingólfs byggist að því er virðist af vinum og sveitungum Ingólfs og hins að Hásteinn, sonur Atla jarls á Gaulum og hans fólk, nemur stóra hluta Árnessýslu og Rangárþings ytra, er ljóst að við erum hér komin að leita rótanna.

Í Hrífudal mætti okkur óvænt móttökunefnd heimamanna. Í broddi fylkingar voru bændur á samnefndum bæ, Kjell Ask og Petra kona hans, sem er fædd og uppalin á staðnum. Þau buðu upp á kaffi og ljúffengt bakkelsi og Kjell miðlaði af sínum fróðleik um hin sögulegu tengsl. Var engu líkara en landnámsmenn hefðu verið samtímamenn og við værum nákomnir ættingjar, svo lifandi eru frásagnir heimamanna á Fjölum sem tala mállýsku sem líkist íslensku og er því sem lifandi staðfesting á skyldleika þjóðanna.

Kjell Ask miðlar sýn heimamanna í Hrífudal á söguna bak við landnám Íslands. Kristján Baldursson, Gísli Karel Halldórsson og Hans Fredrik Lauvstad fylgjast með af áhuga.

Upp af vörinni í Hrífudal gat að líta bautastein og var okkur sagt að Ingólfur hafi reist steininn áður en hann hélt til hafs. Frá bautasteininum er svo steinsnar að styttu Einars Jónssonar af Ingólfi Arnarsyni, sem er gjöf Íslendinga til Norðmanna. Bjarni Benediktsson, þáverandi dómsmálaráðherra og síðar forsætisráðherra, afhenti gjöfina við hátíðlega athöfn í Hrífudal þann 17. september 1961.

Berit Gjerland minjavörður, sem fengin var til að fræða okkur um staðinn, var öllu varfærnari í sinni sögutúlkun. Hún benti á að ekkert hefði fundist við fornleifagröft sem staðfest gæti sannleiksgildi sögunnar um að upphaf landnáms Íslands mætti rekja til þessa staðar og benti á að bautasteinninn, sem oft væri nefndur sem sönnun þess, væri eldra fyrirbæri eða frá 5. eða 6. öld. Það yrði því enn um sinn að meta sannleiksgildi fornbókmenntanna með það í huga að þær voru varðveittar sem munnmælasögur

Bautasteinninn við lendinguna í Hrífudal.

í nokkrar kynslóðir áður en þær voru skráðar. Ekki var laust við að neistaði á milli hennar og heimamanna sem lifðu sig inn í söguna eins og við þekkjum svo vel í eigin ranni.

Við kvöddum þetta góða og velviljaða frændfólk okkar og héldum til Dale, sem er lítill bær í Fjalarsveit. Á Klokkargarden (Hringjarabæ) fékk hópurinn hressingu og fræddist m.a. um Jakob Sande (f. 1. desember 1906, d. 16. mars 1967), rithöfund og vísnamann. Vísur hans hafa notið vinsælda sem söngtextar og halda minningu hans við, sérstaklega á heimaslóð. Í Dale var lengi starfrækt tunnuverksmiðja Hovland & Rakneberg. Roald Hovland fræddi okkur um sögu verksmiðjunnar, sem seldi síldartunnur m.a. til Íslands. Sagðist hann aldrei hafa tapað á viðskiptum við Íslendinga og bar þeim samskiptum vel söguna. Fengum við að sjá stutta heimildarmynd um starfsemina en verksmiðjan brann til kaldra kola og hefur ekki verið endurreist.

Frá Klokkargarden var haldið á slóðir Gaulverja og hins forna höfuðbýlis Osen við botn Dalsfjarðar og ósa Gaulaárinnar, sem er þekkt sem góð laxveiðiá, enda vatnasviðið skógi vaxið fram á bakka árinnar. Osen, eða Ós, hefur verið í eigu Mo-ættarinnar síðan 1880. Þar tóku á móti okkur hjónin Olav Johan Mo og Unn Karin Kleppe og fræddu okkur um búskapinn en þarna er meðal annars eitt elsta fjós sem enn er í notkun í gervöllum Noregi. Við vorum leidd að víkingagröf sem hafði verið skemmd og líklega rænd. Þar höfðu þó fundist við uppgröft hlutir úr sverði, silfurpeningar og perlur. Fleiri slíkir grafhaugar munu vera á landareigninni. Milli bæjar og ósasvæðisins hafði við fornleifagröft verið komið niður á skála einn mikinn, um 80 metra á lengd og eftir því breiðan, svo ljóst er að þar hefur verið aðsetur höfðingja. Ýmsar tilgátur eru um þarna hafi verið höfuðaðsetur Atla jarls, sem áður er getið, en einnig er talið að þarna hafi verið þingstaður og að Gulaþing hafi jafnvel verið Gaulaþing. Skipalægi var þarna afar gott og hægt um vik að vakta skipaferðir, sem var mikilvægt því óvinirnir komu jafnan af sjó. Á hinn bóginn voru siglingar auðveldasti ferðamátinn milli byggðarlaga og landa. Per Kjelstad fræddi okkur um Gaularspelet sem byggir m.a. á þeim atburðum Íslendingasagna sem áður voru raktir og er sett upp á Ósi annað hvert sumar.

Frá Ósi var ekið stuttan spöl til vesturs en undir hlíðum Kvamshesten, sem einnig heitir Storehesten, búa skógfræðingarnir Merete Larsmon, sem er „fylkesskogmeister“ og Helge Kårstad á bænum Rytnetunet. Þar stunda þau auk embættisstarfa jólatrjáarækt og ferðaþjónustu. Boðið var upp á ljúffenga víkingasúpu í uppgerðri hlöðu. Merete fræddi okkur um þeirra hagi og um jólatrjáa- og greinarækt, en greinar eru ekki síður mikilvæg tekjulind og leggja þau mest upp úr ræktun á eðalþin (*Abies procera*). Helge fjallaði um samstarfsnefnd skógarmanna á strandsvæðum í Noregi og mikilvægi þess að byggja upp innviði, s.s. veganet, hafnaraðstöðu og úrvinnsluiðnað. Eftir þessa ánægjulegu og mettandi stund gafst tóm til að skoða gistiaðstöðu sem hafði verið haganlega komið fyrir í gömlum bjálkahúsum, sem sum hver voru gömul útihús. Að lokum var litið við í reit með jólatrjám sem átti að fara að fella og endurnýja. Frá Rytne var stefna tekin til norðvesturs til Florø um Førde, og Eikarfjörð og gist á Quality Hotel Florø næstu tvær nætur.

Þriðjudagur 02.09

Þegar komið var til Florø vakti nokkra undrun hvað skógurinn er vöxtulegur svona alveg út í skerjagarðinum. Á það jafnt við um sjálfsprottna skóginn og þann ræktaða sem setur talsverðan svip á umhverfið. Þar ræður þó nokkru nálægðin við gróðrarstöð gestgjafa okkar (Skógræktarfélags Sogns og Fjarða) sem vafalítið hefur haft talsverð áhrif á nærsamfélagið auk þess sem hún sá öllu fylkinu fyrir plöntum. Dagskráin hófst á göngu frá hótelinu sem var niður við höfnina

Höfuðbólið Osen.

og upp í bæjarskóginn sem er í ás þar fyrir ofan. Þetta er ræktaður skógur af ýmsum trjátegundum sem við þekkjum vel héðan frá Íslandi. Sitkagrenið er farið að mynda glæsilegan skóg, bergfura hafði verið notuð á rýrustu stöðunum og síðan skipt út þegar hún var búin að búa í haginn fyrir aðrar tegundir. Þar gaf að líta vöxtuleg tré og lundi af eðalþin, marþöll, evrópulerki og degli (*Pseudotsuga menziesii*). Þarna er gamalt miðlunarlón fyrir vatnsrafstöð og góður göngustígur meðfram vatninu öðru megin en torfærari hinu megin og um skotæfingasvæði að fara, sem á að flytja og lagfæra stíginn í kjölfarið. Þarna er sem sagt flottur útivistarskógur í augnabliks fjarlægð frá bænum og íþróttamiðstöðin alveg upp við skóginn. Það fór ekki milli mála að íbúar strandbæjarins kunnu að meta þessa aðstöðu við bæjardyrnar og notuðu hana óspart.

Næst var okkur boðið af heimamönnum að skoða strandsafnið í Florø og var þar rakin fyrir okkur saga bæjarins, sem fór að byggjast upp sem síldarbær um miðja nítjándu öld. Nú er þjónusta við olíuborpallana fyrirferðarmikil auk ferjusamgangna, útgerðar og þjónustu við nærsveitir. Íbúafjöldi bæjarins er tæplega níu þúsund. Safnið spannaði vel þessa sögu. Þarna eru gamlir bátar varðveittir og verkfæri tengd útgerð. Skyggnst er inn á gömul heimili og gamlar myndir sýna þróun bæjarins og bæjarlífið frá ólíkum tímabilum. Einnig eru þarna líkön af helstu olíuborpöllum Norðmanna og sýnt á myndrænan hátt hvaðan olían kemur, úr fornum skógum sem sukku

Árni Þórólfsson virðir fyrir sér stærðarinnar eðalþin í bæjarskóginum á Florø.

til sjávar og setlög lögðust yfir og þrýstingur, tími og hiti umbreyttu skógum og öðrum lífrænum efnum m.a. í olíu og gas. Heimsóknin endaði á frjálsu vali

Víkingasúpa snædd í hlöðunni á Rytnetunet.

Guðmundur Pálsson; Kristján Baldursson, Þórunn Kristinsdóttir og Gísli Tryggvason gróðursetja sitkagrenibelti á Brandsöy.

um að fara í gegnum almyrkvaða rýmingaræfingu þar sem skríða þurfti um rangala til að komast út.

Boðið var upp á ljúffengt smurt brauð sem Perdy Saure, kona Sveins, útbjó ásamt ósviknu ketilkaffi í gróðrarstöð gestgjafanna að Brandsöy og síðan haldið út í skóginn umhverfis gróðrarstöðina, þar sem ýmsar trjátegundir hafa verið gróðursettar í gegnum tíðina, m.a. skoðuðum við marþöll, eðalþin, risalífvið og fagursýprus sem þrifust vel. Þennan seinnipart rigndi nokkuð en undir krónuþaki skógarins urðum við ekki mikið vör við það enda hlýtt í veðri. Undir lok skoðunarferðar gróðursettum við röð af sitkagreni sem skerma á af golfvöll sem verið er að útbúa á landi Skógræktarfélagsins á Brandsöy. Um kvöldið var hópnum svo haldin dýrleg veisla í rekstrarbyggingu gróðrarstöðvarinnar. Þau Anne Lise Lauvstad, Ingvar Åberge, Svein Saure og dóttir hans Reidun elduðu ljúffenga hjartarkjötssúpu með grænmeti og kartöflum. Svein er reyndur hjartarveiðimaður og lagði til kjötið í súpuna og auk þess bauð hann upp á ljúffengan heimalagaðan mjöð en við lögðum til „svartadauða“ og birkisnafs. Hans Lauvstad hafði skorið út snafsabolla úr birki, gráelri og furu handa öllum til eignar, flotta minjagripi góðra daga.

Nokkrir af þeim sem voru í Íslandsferðinni 2012 voru með í veislunni og flutti Olai Tefre, fyrrverandi formaður Skógræktarfélagsins, skemmtilega hugvekju um upplifun sína af Íslandi. Sagðist hann meðal annars oft liggja vakandi og hugsa um þessa endalausu víðáttu með grjóti og aftur grjóti, illa förnu og gróðursnauðu landi. Augljóst væri að ekki væri þetta hið náttúrulega ástand heldur afleiðing ellefu hundrað ára rányrkju á landinu. Kvaðst hann finna

Flokkunarlína í nýju sögunarmyllunni í Innrihúsum.

Jón Zimsen og Svein Saure sigla yfir Nordfjord undir blaktandi norskum fána.

til sektarkenndar vegna frændsemi við þá er landið byggja. Ljósi punkturinn hefði verið að sjá og upplifa þessa fáu, smáu en vöxtulegu skóga sem gæddu landið lífi á ný og þá virðingu, umhyggju og áhuga fyrir skógunum sem þau höfðu orðið áskynja í ferð sinni.

Eftir herlega máltíð, mjöð og svolítinn svartadauða, gerðust gestir söngglaðir enda sönghefti með íslenskum og norskum söngvum með í för ásamt dugandi söngstjórum. Ekki vafðist fyrir gestgjöfum að taka undir íslensku lögin frekar en okkur að syngja þau norsku, meðal annars *Skogsangen* sem Hans Fredrik Lauvstad samdi texta við ásamt Erling Eide og sönglög Jakobs Sande, sem áður er getið.

Miðvikudagur 03.09

Við kvöddum Florø í fallegu veðri og nú var ferðinni heitið til Nordfjord. Eftir tæplega klukkustundar akstur var komið til Innrihúsa (Indrehus) við fjörðinn Midtgulen. Þar hefur verið rekin sögunarmylla síðan á 15. öld. Hún var lengi vatnsdrifin. Sú sem við skoðuðum var hinsvegar alveg ný og enn verið að standsetja. Hún er í eigu Indrehushjóna, sem tóku á móti okkur og sonar þeirra, sem vinnur á olíuborpalli en á löng frí á milli sem hann notar til að smíða og setja saman vélasamstæður. Allt var þetta einstaklega haganlega gert og óvenju fullkomin verksmiðja fyrir að vera fjölskyldufyrirtæki.

Þarna var fullkomin þurrkklefi og nýr viðlegukantur og timburmóttaka. Áfram var ferðinni haldið eftir að hafa þegið kaffi og bakkelsi hjá þeim hjónum frá Innrihúsum.

Eftir um klukkustundar akstur tókum við ferju frá Isane til Stårheim og ókum þaðan til Eid, þar sem tók á móti okkur Roald Drage, skógarbóndi og sögunarmyllueigandi. Roald sýndi okkur hvernig hann sagar gilda stokka en sögin hans er sömu gerðar og sú sem Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur keypt og gert sem nýja. Auk þess var hann með stóra keðjusög á ramma til að kanta sverustu stokkanna. Í Eid hittum við einnig Ingebrigt Nes Hjelle, skyldmenni Torgeir Anderssen-Rysst, fyrrum sendiherra Norðmanna á Íslandi og mikinn velgjörðarmann íslenskrar skógræktar, og rakti hann sögu hans, en Eid er fæðingar- og uppvaxtarstaður Torgeir.

Frá Eid var haldið til Skredestranda, Skriðustrandar, við suðurströnd Hornindalsvatns, sem er dýpsta vatn Evrópu (514 m). Þar tóku á móti okkur fulltrúar félags skógareigenda og buðu upp á smurt brauð, drykki og ketilkaffi. Jakob Hammer, varaformaður félagsins og Ingunn Kjelstad, skógfræðingur og framkvæmdastjóri samtakanna, fræddi okkur um starfsemina. Eftir að hafa notið veitinganna fengu allir hjálm á höfuðið og haldið var upp í bratta hlíðina undir leiðsögn Torgrim Østgård til að sjá hvernig skógarhögg gengur fyrir sig í snarbrattri hlíð þar sem stutt er á harða klöppina. Vegna raflínu var ekki í boði að nota timburlyftu (slepebane, ekki ósvipað skíðalyftu). Því var brugðið á það ráð að nota beltagröfu sem lagaði slóða fyrir skógarhöggsvél og útkeyrsluvél og var til aðstoðar. Timburverð er lágt nú um stundir en rekstrarkostnaður er hár við þessar aðstæður og því ekki mikið sem verður eftir hjá skógareigandanum.

Frá skógarhöggi í Skredestranda var stefnan tekin á náttstað, Skei Hotel í Jølster sem er við suðvesturjaðar Jostedals-jökuls, stærsta jökuls í Noregi. Tekin var ferja yfir Hundvikfjorden frá Lote til Anda og ekin hin stórbrotna leið vestan jökla.

T.v. Magnús Gunnarsson fylgist með Roald Drage fletta utan af grenibol sem var of sver fyrir hjólsögina. T.h. Ingebrigt Nes Hjelle segir frá Torgeir Anderssen-Rysst, fyrrum sendiherra Norðmanna á Íslandi og miklum velgjörðarmanni íslenskrar skógræktar. Sigríður Erla Elefsen, Laufey B. Hannesdóttir og Björn Sigurbjörnsson fylgjast með.

Fimmtudagur 04.09

Frá Skei var stefnan tekin til Kaupanger og hófst dagskráin þar á skoðunarferð um Amlaskogen, þar sem eigandinn, Gjert Heiberg, skólabróðir Jóns Loftssonar skógræktarstjóra frá Landbúnaðarháskólanum á Ási, leiddi okkur um skóginn. Í Innra-Sogni ber skógurinn meiri svip af meginlandsloftslagi og stór hluti af hinum 1500 hektara Amlaskogen er furuskógur af góðum gæðum og vöxtur nálægt 17 metrum við 40 ára aldur. Þarna hafði einnig verið gróðursett eðalþinur og marþöll, degli og evrópulerki, sem þrifust vel. Aðaltekjurnar af skóginum þessi árin eru af veiðum á hjartardýrum og skógarfuglum. Á eigninni er um 900 metra hár fjallstoppur svo þarna eru bæði fjalla- og lyngrjúpa. Vegna hins lága timburverðs nú er skógurinn látinn standa og renta sig. Á eigninni eru nokkur sumarhús til útleigu. Dóttir Gjert, sem einnig er skógfræðingur, hefur nú tekið yfir eignina en var upptekin við berjauppskeruna þennan dag. Gjert sýndi okkur einnig gamlar kolagrafir og rústir af hlöðnum steinveggjum þar sem tjara var soðin úr furu.

Frá Amlaskogen var haldið til annars höfuðbóls, Kaupanger Hovedgård, þar sem okkur var boðið til hádegisverðar í gömlu fjárhúsi á jörðinni, sem hefur lengi verið í eigu Knagenhjelm ættarinnar. Þar tóku á móti okkur hjónin Christen og Randi Knagenhjelm og sonur þeirra Christoffer. Hann er fornleifafræðingur og nú veitingamaður í þessu huggulega húsi við hlið stafkirkju sem tilheyrir eigninni. Eftir matinn sýndi Christen okkur kirkjuna og rakti sögu hennar en talið er að hún sé byggð um 1137. Klukkur frá 12. öld hanga nú í kirkjuturninum og var áhrifaríkt að heyra hljóma frá 12. öld í þessari mögnuðu stafkirkju. Christen kunni margar skemmtilegar sögur sem verða ekki raktar hér. Að síðustu var öllum boðið upp að altarinu og hópurinn myndaði kór sem söng fyrir gestgjafann.

Einn af forfeðrum Christen, Joachim de Knagenhjelm (f. 1727), réðst eftir embættispróf í lögfræði frá Hafnarháskóla til stiftamtmannsins í Bergenhus-stifti sem spannaði yfir það sem nú er Hörðaland, Sogn- og Fjarðafylki og Suður-Mæri, auk þess að hafa eftirlit með Norður-Noregi. Joachim náði því í gegn að fylkinu var skipt í norður- og suðurfylki og norðurhlutinn varð síðan að Sogn- og Fjarðarfylki og Suður-Mæri. Hann er því talin faðir Sogn- og Fjarðafylkis. Knagenhjelm var aðalsætt þar til aðalstign var afnumin í norskum lögum, trúlega árið 1821.

Auður og áhrif ættarinnar er þó rekin til hinna ríku furuskóga og vinnslu og sölu viðarafurða á miðöldum. Furan innst í Sognarfirði var eftirsótt til húsagerðar og nær fullvíst að bjálkar frá Kaupanger séu til að mynda í gömlum tréhúsum Björgvinjar og jafnvel á Englandi og víðar um lönd.

Eftir kirkjuferð var gengið um frægarð af rauðgreni

F. v. Árni Þórólfsson, Ingunn Kjelstad og Torgrim Østgård á skógarhöggsslóða.

Gengið um Amlaskogen.

sem er þarna á landareigninni. Efniviðurinn er úrvalstré víða frá Noregi og hefur hann gefið af sér gott fræ sem Svein Saure mælti með að yrði prófað á Íslandi en nú er beðið eftir næsta góða fræári og þá á að fella mest af trjánum og safna könglum og setja upp frægarð á nýjum stað. Einnig er þarna frægarður með blágreni, sitkagreni, eðalþin og fjallaþin. Ekki vannst okkur tími til að skoða þá nema úr fjarska né heilsa upp á hæstu tré Noregs, tvo risaþini (*Abies grandis*) á landareign Knagenhjelm. Þeir voru mældir árið 2010 og voru þá 47,0 og 47,2 metrar að hæð og gætu því verið komnir um og yfir 50 metra. Talið er að þeir hafi verið gróðursettir árið 1942. Þess í stað var okkur boðið í síðdegiskaffi í blíðskaparveðri fyrir utan fjárhúsið forna sem áður var getið. Kvöddum við hina aðalsbornu og alúðlegu gestgjafa og héldum til Balestrand og Kviknes Hotel.

Hótelið er ein stærsta timburbygging í Noregi, alls 8000 m^2 og hið glæsilegasta þar sem það rís upp frá Sognarfirði. Það var valið besta sögulega hótelið við vatn árið 2014 af samtökum sögulegra hótela í Evrópu. Sigurd Kvitne hótelstjóri rakti fyrir okkur sögu hótelsins en langafi hans byggði það upp á þeim tíma sem Sognarfjörður fór að verða vinsæll viðkomu- og dvalarstaður efna- og valdafólks víða frá Evrópu. Vilhjálmur II Þýskalandskeisari dvaldi þar langdvölum á sumrin með mikinn herskipaflota. Hann var mikill vinur norska málarans Hans Dahl og dvaldi hjá honum á Balestrand löngum stundum. Á hótelinu hefur varðveist stóllinn sem Vilhjálmur II er sagður hafa setið í þegar hann fékk skilaboðin sem leiddu til þess að hann hraðaði sér heim á leið til að hefja fyrri heimsstyrjöldina fyrir réttum 100 árum. Annars eru mýtur um atburðarásina margar og misvísandi. En eftir því sem næst verður komist þá mun keisarinn hafa siglt út Sognarfjörð með hraði í þann mund er svarfrestur Austurrísk-ungverska keisaradæmisins til Serbíu rann út kl. 18 þann 25. júlí 1914. Sagt er að kyndarar flotans hafi kynnt vélar flotans svo ákaft að svart ský hafi legið yfir innanverðum Sognarfirði.

Málverk eftir Hans Dahl og fleiri þekkta málara prýða veggi hótelsins, sem er sem fyrr segir allt hið glæsilegasta. Gestgjafar okkar héldu okkur kveðjuhóf í matsal hótelsins. Þar komum við á framfæri okkar bestu þökkum fyrir höfðinglegar móttökur og áréttuðum heimboð til Íslands og ljóst er að vandi er á höndum eftir slíkar móttökur. Við gerðum orð Þormóðs Kolbrúnarskálds að okkar, *„Vel hefir konungurinn alið oss. Feitt er mér enn um hjartarætur."*

Fram kom í máli ónefnds heimildarmanns að nokkur munur væri á karaktereinkennum fólks milli byggðarlaga innan fylkisins. Fólk frá Nordfjord væri líkt og fólk frá Suður- Mæri með mikla hæfileika í viðskiptum og að skapa peningaleg verðmæti úr hlutunum. Jafnframt væri þjóðrækni áberandi. Fólk frá Sunnfjord væri þekkt fyrir að fara sér hægt og á seiglunni. Þar væri gjarnan talað í úrtöluhætti sem gæti valdið misskilningi fyrir utanaðkomandi. Sunnfirðingar gera ekkert án þess að borða fyrst og eru menn lífsnautna og lista. Helstu listamenn fylkisins í nútíma, Jakob Sande og Nikolai Astrup, eru einmitt Sunnfirðingar. Íslendingar væru að stórum hluta Sunnfirðingar með innblöndun frá Þelamörk og miðað við þessi stuttu kynni á Íslendingum taldi heimildarmaður okkar að þetta gæti vel passað.

Sognarbúar eru miklir fyrir sér og geðsveiflur miklar. Sagt er að því innar sem farið er um Sogn því meira gefandi verði fólkið og nái sá eiginleiki hámarki í Lærdal.

Föstudagur 05.09
Heimfarardagur

Dagurinn var tekinn snemma og ferja tekin frá Dragsvik til Vangsnes. Með í för var Ingvar Åberge og leiðsagði hann okkur á íslensku og fórst það vel úr hendi.

Stafkirkjan í Kaupanger. Byggingarár er talið vera 1137.

F. v. Árni Þórólfsson, Dóra Sigfúsdóttir, Anne Lise Lauvstad og Hans Fredrik Lauvstad, okkar glæsilegu gestgjafar, ganga til kveðjukvöldverðar.

Þegar við nálguðumst innsiglinguna blasti við hin risavaxna stytta af Friðþjófi hinum frækna sem segir af í einni af Fornaldarsögum Norðurlanda sem varðveittist í íslensku handriti frá 13. öld. Sagan gerist í Sogni og Vilhjálmur II, sem var mjög upptekinn af norrænum hetjusögum, gaf norsku þjóðinni styttuna risavöxnu.

Leið okkar lá yfir Vikafjell (988 m.y.s.) hvar sauðfjárhald er talsvert sem gerir það að verkum að skóglaust er á toppnum þótt áhrif ofbeitar gangi ekki eins langt og víðast hvar á láglendi Íslands.

Þarna eins og víðar í Sogni og Fjörðum eru vatnsaflsvirkjanir sem lítið fer fyrir enda mest neðanjarðar og virkjanalón eru vegna landslags ekki víðfeðm.

Við höfðum stutta viðkomu í Voss á Hörðalandi og kvöddum þar Ingvar leiðsögumann okkar. En allir náðu til „skips" á Flesland Lufthavn. Segir ekki meir af ferðum okkar um slóðir forfeðranna. Fari svo ólíklega að þessi ferðasaga varðveitist í þúsund ár er víst að véfengt verður hvort ferð þessi hafi nokkurn tíma verið farin eða hvort nafngreindir menn hafi nokkurn tíma verið til.

Þakkarorð:

Eftirtaldir aðilar styrktu höfðinglegar móttökur: Fylkesmannen i Sogn og Fjordane, landbruksavdelinga, Sogndal kommune, Gaular kommune, Røiseths legat, Yttris legat, Sundes legat, Sogn og Fjordane Forstmannsforening og Sogn og Fjordane Skogeigarlag. Auk þess lagði Skógræktarfélagið í Sogni og Fjörðum í ómældan kostnað og fyrirhöfn við undirbúning og móttökur. Fyrir þetta er þessum aðilum og öllum þeim tóku á móti okkur og gerðu ferðina ógleymanlega færðar bestu þakkir.

Árna Þórólfssyni, Hans Fredrik Lauvstad, Ingvar Åberge og Svein Saure er þakkað fyrir veittar upplýsingar og Ragnhildi Freysteinsdóttur fyrir yfirlestur.

Höfundur: EINAR GUNNARSSON

Heimildir:

Bergens skog og træplantningsselskap. á.á. Granene i Bergens Naturpark – Ikke bara gran! Af vefsíðu október 2014: http://www.byfjellskogene.no/bergen_naturpark/granene_i_naturparken/.

Fjordkysten AS. á.á. Fjordkysten & Sunnfjord. Af vefsíðu október 2014: http://www.fjordkysten.no/en/Product/?TLp=269069.

Hans Fredrik Lauvstad. Munnleg heimild. 2014.

Ingvar Åberge. Munnleg heimild. 2014.

NRK. 2009. Kaupanger Hovedgård. Af vefsíðu október 2014: http://www.nrk.no/sf/leksikon/index.php/Kaupanger_Hovedgård

NRK. 2009. Osen gard. Af vefsíðu október 2014: http://www.nrk.no/sf/leksikon/index.php/Osen_gard

Rytne. á.á. Rytne. Af vefsíðu október 2014: http://rytne.no.

Snorri Sturluson. Egils saga. Af vefsíðu október 2014: http://www.snerpa.is/net/isl/egils.htm.

Snorri Sturluson. Heimskringla. Af vefsíðu október 2014: http://www.snerpa.is/net/snorri/heimskri.htm.

Stiftelsen Bryggen. á.á. Bryggens historie. Af vefsíðu október 2014: http://stiftelsenbryggen.no/verdensarven-bryggen/bryggenshistorie/.

Sturla Þórðarson. Landnáma (Sturlubók). Af vefsíðu október 2014: http://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm.

Svein Saure. Munnleg heimild. 2014.

Thing Sites International Networking Group. 2014. Gulatinget, Norway. Af vefsíðu október 2014: http://www.thingsites.com/thing-site-profiles/gulating-norway.

Þorgrímur Gestsson. 2003. Ferð um fornar sögur. Noregsferð í fótspor Snorra Sturlusonar. Hið Íslenska bókmenntafélag, Reykjavík. 232. bls.